

Fundur foreldrafélags Varmárskóla 12. október 2017 kl. 17:30 – 18:30

Mættir: Björk Einisdóttir, Sigríður Ingólfsdóttir, Sigrún Huld Auðunsdóttir, Þórunna Rósa Ólafsdóttir, Þórhildur Elfarsdóttir og Þórunn M. Óðinsdóttir. Elísabet Jónsdóttir, Elín María Jónsdóttir, Jón Þór Ragnarsson og Óðinn Pétur Vigfússon voru vant við látn og komust ekki á fundinn.

Viðfangsefni fundar:

1) Staða verkefna í vinnslu:

Plan (undirbúningur verkefnis, upplýsingagjöf)	Do (Innleiðing eða framkvæmd verkefnis)	Check / Act (Staða tekin og smærri atriði aðlöguð)	Verklok (upplýsingagjöf, frágangur, mögulega fagnað árangri)
			Búa til aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa (Þórunn, Sigríður Ingólfs, Björk Einis) Verklok: ótímasett
	Rýna mögulega þróun á FGMos (Beta og Þórunn) Verklok: ótímasett		
			Virkja bekkjarfulltrúa: 10. ágúst – 1. okt
Halda jólabingó Varmárskóla 12. okt – 10. des			

Ákveðið að loka verkefninu um að búa til aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa sem Björk Einis, Sigríður Ingólfs og Þórunn sátu saman í. Vangaveltur hvort það væri þörf á að Sigríður eða Þórunn myndu koma á kynningu fyrir foreldra 10. Bekkjarins á niðurstöðum samræmdra prófa frá því síðasta vor en ákveðið að það væri ekki þörf á því.

Beta og Þórunn sögðu frá fyrirhuguðum auka-aðalfundi stjórnar FGMOS og þar yrðu teknar fyrir lagabreytingartillögur sem formönnum foreldrafélaganna var falið að vinna áfram frá aðalfundinum í vor auk þess sem stjórn myndi skipta með sér verkum.

Mikil ánægja með fundi með bekkjarfulltrúum, það eina sem er eftir áður en því verkefni verður lokað er að vista leiðbeiningar fyrir bekkjarfulltrúa á heimasíðu og hugmyndabankann sem varð til á bekkjarfulltrúafundunum. Sigríður sér um að koma þessu til skólans svo hægt sé að setja inn á heimasíðu skólans.

2) Málefni frá skólanum

Alvarlegt áhyggjuefni að nemendur eru byrjaðir að nota veip (rafrettur) og sterkur grunur skólastjórnenda er um kannabisnotkun nemenda í eldri deild. Stór hluti af tíma skólastjórnenda fer í að ræða veip notkun og vera í sambandi við foreldra nemenda sem eru að veipa. Fjöldi nemenda sem skólastjórnendur hafa hafa haft afskipti af því að veipa eru hátt í 10 samtals og af þeim koma þrír úr fimmta bekk. Skólastjórnendur höfðu á orði að foreldrar væru ánægðir með að fá þessi símtöl og

hrósaði stjórn foreldrafélagsins skólastjórnendum fyrir að passa vel upp á krakkana varðandi þessi mál.

Skólastjórnendur upplýstu að ákveðið var að bregðast við með að biðja Magga Stef að fara vel yfir veip notkun og skaðsemi hennar á fræðslufundi fyrir foreldra og nemendur fyrir 7.-10. bekk. Þá er áætlað að að endurskoða reykingarreglur m.t.t. veip notkunar og mögulega bæta við fræðslu fyrir foreldra 5. Bekkjar. Vangaveltur um hvort það ætti að endurverkja foreldraröltið eða að fá foreldra til að sameinast um að halda útivistartíma.

Skólastjórnendur upplýstu að símanotkun unglinga í frímínútum er gríðarlega mikil og spunnust góðar umræður um mikilvægi þess að aðstoða nemendur að auka samskiptin á skólatíma.

3) Ýmis mál frá síðustu fundum stjórnar geymd fram að næsta fundi s.s. hvernig aðlögunin verður í Selinu fyrir 1. bekk, um hversu mikil fjölgun verður í skólanum og hvernig skólanum gengur að takast á við hana, af hverju Varmárskóli fer ekki á Reyki og Laugar, hvernig fundargerðirnar okkar eru og hvort við í foreldrafélaginu getum hjálpað til við að fá krakkana til að vera með hjálma á vespum.

4) Önnur mál

Ákveðið að setja verkefnið „Jólabingó“ af stað svo hægt sé að byrja að skipuleggja það. Vangaveltur hvort einhver annar en stjórnarmaður myndi vilja stýra verkefninu að halda bingóið, upplýst að bingóstjórinn frá því í fyrra er tilbúinn að stýra aftur bingóinu ef hann verður ekki upptekinn. Stungið upp á Berglindi Hreiðarsdóttur til að verkefnastýra jólabingóinu og ætlaði Sigrún Huld aðeins að heyra í henni og fá hana til að vera í sambandi við stjórn.

Fundi slitið kl. 18:30.

Nálgun stjórnar foreldrafélagsins á samvinnu við skólann:

- Foreldrafélagið er stuðningur við skólann
 - o Styður við verkefni sem eru í gangi innan skólans
 - o Kemur með hugmyndir fyrir skólann
 - o Foreldrafélagið og skólinn virða ef annar hvor getur ekki tekið eitthvað verkefni að sér eða tekið þátt í einhverju verkefni
- Foreldrafélagið styrkir skólann í þeim verkefnum sem skólinn hefur áhuga á
 - o Kynningar/fyrirlestrar fyrir krakkana/eitthvað sem kæmi sér vel og er „auka“ fyrir skólastarfið
- Foreldrafélagið og skólinn þetta samstarfið milli skólans og stjórnar foreldrafélags og út í foreldrahópinn
- Foreldrafélagið og skólinn leggja upp með jákvæðni, gott samstarf og nána og skemmtilega samvinnu

Yfirlit yfir reglubundin verkefni foreldrafélagsins:

- Lokið: Þjóða 1. bekkinga velkomna í skólann með glaðningi og tölvupósti til foreldra 10. ágúst – 30. Ágúst
- Lokið: Senda haustkveðju til starfsmanna 10. ágúst – 10. Sept
- Virkja bekkjarfulltrúa og halda fyrri fund bekkjarfulltrúa í sept: 10. ágúst – 1. okt
- Jólalbingó 15. okt- 10. des
- Senda jólakveðju til starfsmanna 1. des – 20. Des
- Halda seinni bekkjarfulltrúafund vetrarins 1. Jan – 20. jan
- Öskudagur – 1. feb til 10. mars
- Senda greiðsluseðla til foreldra 1. feb -1. apríl
- Gefa skólanum sumargjöf fyrir nemendur 1. apríl – 1. maí
- Styrkja 10. bekk í útskriftarferðinni um eina máltíð í ferðinni 15. apríl – 30 maí
- Styrkja kynningu fyrir nemendur 6. bekkjar 15. apríl – 30. maí
- Aðalfundur: 15. apríl – 15. júní
- Halda stutta ræðu á útskrift 10. bekkja, skipuleggja vaktir foreldra 9. bekkja og koma upplýsingum til foreldra 10. bekkjar um glaðning frá bekkjunum til umsjónarkennara og starfsmanna 1. maí – 10. júní
- Senda sumarkveðju til starfsmanna 15. maí – 10. júní